

1997 nr. 28 5. maí**Lög um sjóvarnir**

■ **1. gr.** Sjóvarnir eru varnir gegn sjávarflóðum og landbroti af völdum ágangs sjávar. Byggð svæði og svæði þar sem til staðar eru dýrmæt mannvirki eða menningarminjar skulu að jafnaði njóta forgangs við gerð sjóvarna.

□ Samgönguráðherra fer með yfirstjórn mála er varða sjóvarnir en Siglingastofnun Íslands með framkvæmd þeirra.

□ Framlög til sjóvarna ákvarðast af fjárlögum hverju sinni.

■ **2. gr.** Hafnaráð, sem starfar samkvæmt lögum um Siglingastofnun Íslands, skal vera Siglingastofnun til ráðgjafar við mat á sjóvörnum, sbr. 4. gr.

■ **3. gr.** Umsóknir um framlög úr ríkissjóði til sjóvarna skulu sveitarfélög senda Siglingastofnun sem sér um gerð áætlana um sjóvarnir. Í áætlunum skal meta nauðsyn framkvæmda, með hliðsjón af hættu á sjávarflóðum og landbroti af völdum ágangs sjávar, og áætlaðan kostnað. Jafnframt skal leggja mat á hagrænt gildi þeirra aðgerða sem lagðar eru til á hverju svæði og gera tillögu um flokkun framkvæmda í forgangsroð. Þá skal koma fram umsögn um fyrirkomulag framkvæmda og gerð þeirra mannvirkja sem reisa þarf við ströndina.

■ **4. gr.** Hafnaráð fjallar um áætlanir Siglingastofnunar um sjóvarnir og skal ráðið setja fram umsögn um slíkar áætlanir í skriflegu áliti.

□ Álit ráðsins skal senda hlutadeigandi sveitarstjórn og landeigendum til umsagnar og skal þeim gefinn tiltekinn frestur til þess að gera athugasemdir. Að þeim fresti liðnum skal ráðið yfirfara málið að nýju. Á grundvelli endanlegra álita ráðsins skal Siglingastofnun síðan semja fjögurra ára áætlun um sjóvarnir sem samgönguráðherra leggur fyrir Alþingi til samþykktar.¹⁾

¹⁾ Augl. A 100/2001.

■ **5. gr.** Siglingastofnun skal við gerð fjögurra ára áætlunar, sbr. 2. mgr. 4. gr., ganga úr skugga um að landsvæði það og/eða mannvirki sem verja á, svo og varnarmannvirkin sjálf, hafi fengið meðferð samkvæmt skipulagslögum. Sé umrætt landsvæði og/eða mannvirki á óskipulögðu svæði skal liggja fyrir umsögn stofnunarinnar og framkvæmdirnar síðan undirbúnar á þann hátt sem skipulagslög segja til um.

■ **6. gr.** Siglingastofnun skal sjá um tæknilegan undirbúning framkvæmda, eða fela hann verkfræðilegum ráðgjöfum, og hafa umsjón með framkvæmdum við sjóvarnir. Stofnunin skal einnig standa fyrir þeim rannsóknnum sem taldar eru nauðsynlegar á þessu sviði.

□ Um undirbúning allan og framkvæmdir skal fara að lögum um opinberar framkvæmdir.

■ **7. gr.** Ríkissjóður greiðir allt að $\frac{7}{8}$ hlutum kostnaðar við undirbúning og framkvæmdir við sjóvarnir.

□ Landeigendur og sveitarfélög, sem hag hafa af varnaðgerðum á landi sínu, greiða minnst $\frac{1}{8}$ hluta og skiptist kostnaður á milli landeigenda að tiltölu við stærð þess lands og strandlengju sem verja á. Siglingastofnun skal gera tillögu um skiptingu kostnaðar og leggja fram til afgreiðslu hlutadeigandi sveitarstjórna. Verði ekki samkomulag um skiptingu kostnaðar sker hafnaráð úr. Ekki er heimilt að hefja framkvæmdir fyrir en þessi skipting liggur fyrir.

□ Sveitarfélögin eru eigendur þeirra mannvirkja sem lögin taka til og greiða þau kostnað við viðhald vegna varnarframkvæmda, sbr. þó 8. gr.

■ **8. gr.** Þurfi með sjóvörnum að stöðva landbrot, sem stofnar mannvirkjum í eigu ríkisins í hættu, greiðir ríkissjóður allan kostnað þótt í landi einstaklinga eða félaga sé.

■ **9. gr.** Nú telur Siglingastofnun, að höfðu samráði við hafnaráð, að ekki megi dragast að hefja framkvæmdir vegna yfirvofandi skemmda á landi eða mannvirkjum við ströndina sem þar hafa verið reist í samræmi við skipulag, sbr. 5. gr., og skal það þá heimilt, enda komi samþykki samgönguráðuneytis til. Slíkar framkvæmdir ganga framar áætlun um sjóvarnir.

■ **10. gr.** Siglingastofnun sér um greiðslur á hlut ríkissjóðs í hverju verki fyrir hönnun, eftirlit og framkvæmdir. Hlutadeigandi sveitarfélag er ábyrgt fyrir framlagi sveitarsjóðs og landeigenda. Siglingastofnun sér um innheimtu á hlut landeigenda í kostnaði fyrir hvert verk. Kostnaðarhluta landeigenda fylgir lögveð í viðkomandi landareign og þeim mannvirkjum sem á henni standa. Siglingastofnun hefur með höndum uppgjör við verktaka.

■ **11. gr.** Hver landeigandi er skyldur til að láta af hendi mannvirki og land er þarf til sjóvarna samkvæmt lögum þessum, svo og land til þess að gera brautir og vegi í því sambandi og til að leyfa að tekin verði í landi hans mól, grjót og önnur jarðefni og þola þær eignakvaðir, óhagræði og takmörkun á afnotarétti sem gerð sjóvarna hefur í för með sér, allt þó gegn því að fullar bætur komi fyrir. Nú næst ekki samkomulag og skal þá ákveða bætur með mati samkvæmt lögum um framkvæmd eignarnáms.

■ **12. gr.** Ráðherra er heimilt að setja nánari reglur um framkvæmd laga þessara.

■ **13. gr.** Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1998.